

Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 18.nóvember, 56. Fundur.

Mættir: Jón Ingi Caesaron, Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannesson, Þórhallur Sigurvin Jónsson, undirrituð.

Fyrsta mál var fyrirhugað Aðventukvöld Oddeyringa þann 26. Nóvember. Boðið verður upp á kaffi, kakó og mögulega smákökur. Reiknað er með að nota húsnæði Hjálpræðishersins. Boðið verður upp á myndasýningu af gömlum myndum af Oddeyrinni, stutta fyrirlestra og/eða sögustund. Rætt verður við nokkra aðila vegna þess. Kanna þarf hjá Akureyrarbæ hvort þeir styrki þetta málefni eða hvort þetta falli undir það fé sem hverfisnefnd er úthlutað ár hvert til framkvæmda.

Seinna mál fundarins var hraðakstur á Norðurgötu og þá sérstaklega gatnamótin við Eyrarveg og Gránufélagsgötu. Bæði þessi gatnamót eru þröng, bílum er lagt mjög nærri, stærðar girðing er á horni Eyrarveggar og Norðurgötu sem byrgir nokkuð útsýni og mikil umferð gangandi vegfaranda er þarna um á háannatímum. Tíð slys eru við Eyrarvegsgatnamótin, nú síðast ekið á barn. Rætt var um að mögulega væri hraðahindrun ekki besta lausnin í svona þröngri götu sem umkringd er gömlum timburhúsum. Reyna mætti fyrst aðrar leiðir. Jón Ingi tók að sér að rita stutta greinargerð til bæjarins vegna þessa.

Fleira var ekki rætt að svo stöddu.

Fundi slitið.

Símstöðin, Hafnarstræti 18. nóvember.

Perla Fanndal, formaður Hverfisnefndar Oddeyrar.